



**Starfsnám  
stuðningsfulltrúa á  
félags- og  
heilbrigðissviði  
Framhaldsnám  
- Námskrá -**



**Nafn námsskrár:**

Starfsnám stuðningsfulltrúa á félags- og heilbrigðissviði, framhaldsnám.

**Lengd náms:**

84 kennslustundir.

**Fjöldi eininga:**

Allt að 7 einingar.

**Hverjum ætlað:**

Fullorðnu fólki á vinnumarkaði, eldra en 20 ára með stutta formlega skólagöngu. Einnig þeim sem hyggjast starfa sem stuðningsfulltrúar á félags- og heilbrigðissviði.

1. útgáfa 2012.

---



|  |           |
|--|-----------|
| <b>Inngangur</b> .....                                     | <b>1</b>  |
| Forsendur náms .....                                       | 2         |
| Hugtök í námsmarkmiðum .....                               | 3         |
| Skipulag námsins.....                                      | 3         |
| Námsþættir .....   | 3         |
| <b>Námsþættir og lýsingar framhaldsnáms</b> .....          | <b>5</b>  |
| Lokamarkmið námsins .....                                  | 5         |
| <b>Kjarni 1 - Grundvallarhugmyndir</b> .....               | <b>6</b>  |
| Kynning .....  | 6         |
| Framtíðarsmiðja.....                                       | 7         |
| Mannréttindi og siðferði.....                              | 8         |
| Árangursrík samvinna .....                                 | 9         |
| <b>Kjarni 2 – Manneskjan og þarfir hennar</b> .....        | <b>10</b> |
| Geðsjúkdómar – helstu flokkar og meðferðarúrræði .....     | 10        |
| Einhverfa og aðrar raskanir á einhverfurófi .....          | 11        |
| Heyrnarskerðing .....                                      | 12        |
| Blinda/sjónskerðing .....                                  | 13        |
| Hreyfihamlanir .....                                       | 14        |
| Ánetjun lyfja og vímuefna.....                             | 15        |
| Fíkn og neysla .....                                       | 16        |
| Öldrun.....  | 17        |
| Kynfræði .....   | 18        |
| <b>Kjarni 3 – Skipulag og framkvæmd þjónustunnar</b> ..... | <b>19</b> |
| Barnavernd .....   | 19        |
| Hjálpartæki .....  | 20        |
| <b>Samantekt</b> .....                                     | <b>21</b> |
| Lokaverkefni .....   | 21        |
| Mat á námi og námsleið .....                               | 22        |
| <b>Mat til styttingar náms í framhaldsskóla</b> .....      | <b>23</b> |



**Fræðslusetrið Starfsmennt** hefur þróað og boðið upp á starfsnám stuðningsfulltrúa á félags- og heilbrigðissviði, grunn- og framhaldsnám frá árinu 2002 í samstarfi við stofnanir, stjórnendur og SFR – stéttarfélag í almannabjónustu. Upphaf námsins má rekja til ársins 1993 þegar umræða hófst um nauðsyn þess að samræma námskeið og skilgreina starfsnám í kjarasamningum. Félagsmálaráðuneytið, SFR og svæðisskrifstofur málefna fatlaðra tóku höndum saman og buðu upp grunnnám og síðar framhaldsnám fyrir starfsfólk á heimilum og stofnunum fyrir fatlaða og fyrir þá sem unnu með börnum og unglíngum í vanda. Þau námskeið voru starfrækt um nokkurra ára skeið eða þar til þróunar- og símenntunarsjóður SFR yfirtók reksturinn. Brýnt er að starfsfólki í félags- og heilbrigðisstörfum bjóðist heildstætt starfsnám til að mæta breyttum kröfum og nýjungum í þjónustu við fatlað fólk, aldraða og sjúka. Miklar breytingar hafa orðið á hugmyndafræði og fyrirkomulagi í þjónustunnar þar sem aukin áhersla er lögð á sjálfseflingu, lífsgæði og réttindi. Breyttar áherslur í starfi kalla á aukna fagmennsku og markvissa starfsþróun svo starfsfólk geti veitt framsækna og metnaðarfulla þjónustu í þágu þeirra sem unnið er með.

Starfsnám stuðningsfulltrúa á félags- og heilbrigðissviði er heildstæð starfstengd námsleið sem skiptist í 162 kennslustunda grunnnám og 84 kennslustunda framhaldsnám. Forsenda þess að hefja framhaldsnámið, sem lýst er hér, er að námsmaður hafi lokið grunnnáminu. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi framhaldsnámið til styttingar á námi í framhaldsskóla um 7 einingar.

Markmið námsins er að auka færni og þekkingu þátttakenda á aðstæðum og þörfum fatlaðs fólks til að efla lífsgæði þeirra og virkni. Markmiðið er að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til áframhaldandi náms, auðvelda þeim að takast á við ný verkefni í vinnu og auka gæði í starfi. Í náminu er lögð áhersla á að námsmenn læri að læra og efla sjálfstraust sitt og lífsleikni. Námið er ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði, eldra en 20 ára með stutta formlega skólagöngu. Nám þetta nýtist einnig þeim sem hyggjast starfa sem stuðningsfulltrúar á félags- og heilbrigðissviði.

Námsskrá þessi er ætluð námsmönnum, leiðbeinendum og þeim sem hyggjast bjóða upp á nám af þessu tagi. Námsskráin er einnig ætluð þeim sem vilja leggja mat á þýðingu námsins fyrir starf, starfsþróun, áframhaldandi nám eða annað sem nám af þessu tagi kann að leiða til.

Námsskrá þessi er gefin út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði náms, auka framboð á starfstengdu námi, gera nám gagnsærra, auðvelda styttingu á framhaldsskólanámi sem og að auðvelda mat til framhaldsskólalæininga.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir kröfur til þeirra sem heimild fá til að nota námsskrá þessa um að þeir framfylgi formlegu gæðakerfi sem FA viðurkennir. Einnig að framkvæmdaraðili framfylgi þeim kennslufræðilegu kröfum sem þróaðar verða og/eða viðurkenndar af FA.



Nám byggist á frammistöðu og ábyrgð einstaklings en einnig á samvinnu og samábyrgð allra sem koma þar við sögu. Námsárangur er ekki aðeins vitnisburður um frammistöðu einstaka námsmanna heldur einnig um aðstæður til náms og árangur af samvinnu námsmanna og leiðbeinenda.

Til að stýra þessu námi þarf leiðtoga sem líta á sig sem leiðbeinendur og leiðsögumenn. Námsefni, framsetningu og framvindu náms verður að sníða að forsendum námsmanna. Aðbúnaður og aðstaða verða að hæfa fullorðnu fólki.

Námsmenn námsins eru á ólíkum aldri, með mislangan starfsaldur í margs konar störfum. Bakgrunnur þeirra er því ólíkur og reynsla af formlega skólakerfinu er mismikil. Engar kröfur eru gerðar til lágmarksskólagöngu áður en nám hefst. Mikil áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Leiðbeinandi á að hafa færni til að meta árangur námsmanna með fjölbreyttum matsaðferðum. Námsmatið getur til dæmis byggst á leiðsagnarmati, úrlausnum verkefna, mati á frammistöðu í tímum eða stuttum prófum.

Leiðbeinandi verður að búa yfir samskiptafærni til að tengjast námsmönnum og vinna traust þeirra. Hann á að skapa vinsamlegt andrúmsloft og sýna hinum fullorðna námsmanni, reynslu hans og þekkingu, virðingu og skilning. Enn fremur þarf leiðbeinandi að gera sér ljósar ástæður námsmanns fyrir því að taka þátt í náminu og markmiðum hans með því. Leiðbeinandi verður einnig að gera sér grein fyrir algengum hindrunum í námi fullorðinna (eins og t. d. kvíða og óöryggi) og bregðast á viðeigandi hátt við þeim.

Leiðbeinanda ber að örva og hvetja námsmenn og leggja sig fram um að svara þörfum þeirra fyrir útskýringar og endurgjöf. Hann verður að gera sér ljóst að forsendur þeirra til að læra eru mismunandi. Því er gerð krafa til þess að framsetning leiðbeinanda sé ekki einhæf eða vélræn heldur lagi sig að mismunandi færni námsmanna með það fyrir augum að auðvelda þeim nám og sé við hæfi fullorðinna námsmanna. Enn fremur þarf framsetningu og viðfangsefni að hafa sem mesta skírskotun til veruleika og reynslu námsmanna.

Námsmenn eiga að fá tækifæri til að spreyta sig á margvíslegan hátt. Verkefnavinna, hlutverkaleikir, verklegar æfingar upp á eigin spýtur eða í hópi, rökræður, umræður og sjálfsmat eru dæmi um aðferðir sem leiðbeinandi getur beitt í því skyni að sem flestir finni námsnálgun og námshraða við hæfi sitt.

Framkvæmdaraðila ber að framfylgja gæðakerfi og kennslufræðilegum kröfum sem FA þróar og/eða viðurkennir.



## Hugtök í námsmarkmiðum

Í námsmarkmiðum námsins eru eftirfarandi hugtök notuð:

*kynnast*: vita af, vita um, komast í kynni við, vera kunnugt um, geta nefnt eða lýst að nokkru leyti.

*þekkja*: bera kennsl á, kunna skil á, átta sig á, koma fyrir sig, geta fundið og geta greint á milli, lýst, sagt frá, sýnt, staðfest, vísað til, listað upp, nefnt, ráðað eða mælt.

*skilja*: gera sér grein fyrir og geta útskýrt, túlkað, þýtt, ályktað og gert áætlun, fjallað um, dregið saman, gert útdrátt og geta uppgötvað.

*vera fær um*: hafa á valdi sínu, kunna, skilja, treysta sér til, ráða við, geta af eigin rammleik.

*auka færni sína*: eflast, taka framförum.



## Skipulag námsins

Námið er alls 84 kennslustundir en hver kennslustund er 40 mínútur að lengd. Námsmenn eiga ekki að vera fleiri en 18. Lesblindum og þeim sem stríða við aðra námsörðugleika á að liðsinna þegar þess er þörf.

Æskilegt er að umsjónarmaður námsins sjái um kynningu námskrár og dagskrár námsins og verði í augum námsmanna þungamiðja skólastarfsins. Hann sér til þess að skörun námsþátta verði eins lítil og kostur er og tryggir að framkvæmd námsins og þjónusta við námsmenn gangi sem greiðlegast fyrir sig.



## Námsþættir

1. Heildarlengd framhaldsnámsins má ekki vera styttri en 84 kennslustundir.
2. Skipuleggjanda er heimilt að gera breytingar sem nema allt að 10% af heildarlengd námsins ef þær brjóta ekki í bága við markmið eða tilgang námsins og heildarlengd þess er ekki styttri en 84 kennslustundir.
3. Breytingar, sem nema meira en 10% af heildarlengd námsins, eru aðeins heimilar með samþykki Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Þessi námsskrá byggist á eftirfarandi námsþáttum:

| <b>Námsþættir</b>                                    | <b>Kennslustundir</b> |
|--|-----------------------|
| <b>Kjarni 1 – Grundvallarhugmyndir</b>               |                       |
| Kynning  | 2                     |
| Framtíðarsmiðja                                      | 4                     |
| Mannréttindi og siðferði                             | 8                     |
| Árangursrík samvinna                                 | 9                     |
| <b>Kjarni 2 – Manneskjan og þarfir hennar</b>        |                       |
| Geðsjúkdómar – helstu flokkar og meðferðarúrræði     | 10                    |
| Einhverfa og aðrar raskanir á einhverfurófi          | 10                    |
| Heyrnarskerðing                                      | 2                     |
| Blinda/sjónskerðing                                  | 2                     |
| Hreyfihamlanir                                       | 3                     |
| Ánetjun lyfja og vímuefna                            | 2                     |
| Fíkn og neysla                                       | 2                     |
| Öldrun   | 6                     |
| Kynfræði   | 6                     |
| <b>Kjarni 3 – Skipulag og framkvæmd þjónustunnar</b> |                       |
| Barna- og unglingavernd                              | 4                     |
| Hjálpartæki  | 4                     |
| <b>Samantekt</b>                                     |                       |
| Lokaverkefni   | 8                     |
| Mat á námi og námsleið                               | 2                     |
| <b>Samtals</b>                                       | <b>84</b>             |



Um námsmarkmið, námslýsingar, námsaðferðir og námsefni ber almennt að hafa í huga að öll umgjörð og framkvæmd námsins er til að greiða fyrir námi, enn fremur að námsmenn hafa ólíka lífsreynslu, læra með misjöfnum hætti og þurfa til þess mislangan tíma. Framsetning námsefnis, vægi og innihald námsþátta verður því að laga eins og kostur er að þörfum þeirra.

Nauðsynlegt er að forþekking námsmanna sé könnuð í upphafi náms. Leiðbeinendur laga efni sitt og aðferðir sínar að þekkingu námsmanna og þörfum fullorðins fólks sem er að reyna sig í námi, jafnvel eftir langt hlé.



### Lokamarkmið námsins

Lokamarkmið framhaldsnáms eru að námsmaður hafi:

- aukið við þekkingu sína á grundvallarhugmyndum um þjónustu við fatlaða.
- aukið við þekkingu sína á manneskjunni og þörfum hennar.
- aukið við þekkingu sína á skipulagi þjónustu við fatlaða.
- aukið við þekkingu sína á framkvæmd þjónustu við fatlaða.
- aukið við sértæka sem og almenna færni sína.
- aukið faglega vitund og skilning sinn í starfi.
- styrkt jákvætt viðmót sitt og viðhorf í starfi.

**Kröfur eru gerðar um að námsmaður mæti í a.m.k. 90% kennslustunda.**

Mikil áhersla lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist þannig að framfarir hjá námsmönnum séu tryggðar. Leiðbeinandi á að hafa færni til að meta árangur námsmanna með fjölbreyttum matsaðferðum. Námsmatið getur til dæmis byggst á leiðsagnarmati, úrlausnum verkefna, mati á frammistöðum í tímum eða stuttum prófum.





### Kynning

2 kennslustundir

#### Námsmarkmið:

---

Að námsmaður:

- þekki forsendur þessa náms, kröfur sem gerðar eru til námsmanns, námsmannahópsins, leiðbeinenda og námsaðstæðna.
- kynni sig og kynnist öðrum þátttakendum.
- sé fær um að tjá væntingar sínar til námsins.
- þekki frekari námsmöguleika sína við lok þessarar námsleiðar.
- þekki leiðir til að þróa starfsvettvang sinn innan félags- og heilbrigðisgreina.

#### Námslýsing:

---

Megináhersla er lögð á markmið og forsendur námsins. Einnig að leiða í ljós væntingar sem námsmenn hafa til námsins og tengsl þess við frekara nám eða starfsvettvang. Gerðar eru æfingar sem losa um spennu og auðvelda þátttakendum og umsjónaraðila að kynnast.

#### Námsaðferð:

---

Kynning, umræður, hópvinna og einstaklingsvinna. Námsmenn eru virkjaðir í kynningaraðferð sem losar um spennu jafnframt því sem þeir kynnast.

#### Námsefni:

---

Námsskrá námsins og dagskrá.



### Námsmarkmið

---

Að námsmaður:

- þekki eigin afstöðu gagnvart því samfélagi sem hann lifir í.
- kynnist mismunandi sjónarhornum þeirra sem nota þjónustu velferðarsamfélagsins.
- kynnist mismunandi sjónarhornum þeirra sem veita stoðþjónustu við fatlaða, aldraða eða sjúka.
- kynnist mismunandi sjónarhornum þeirra sem skipuleggja og greiða fyrir þjónustu við fatlaða, aldraða eða sjúka.
- kynnist þróun og hugmyndum sem einkenna orðræðu um velferðarkerfið og framtíð þess.

### Námslýsing

---

Megináhersla er á helstu áskoranir sem velferðarkerfið stendur frammi fyrir í dag. Fjallað er um rök og mótrök í þeirri umræðu. Námsmenn velta upp hugmyndum og breytingum sem gætu orðið til bóta í starfi á félags- og heilbrigðissviði og setja þær í raunhæft samhengi. Áhersla er á að námsmenn skynji mikilvægt hlutverk sitt í því að byggja upp öfluga og virka velferðarþjónustu.

### Námsaðferð

---

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

### Námsefni

---

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



### Námsmarkmið

---

Að námsmaður:

- kynnist sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
- kynnist siðareglum, markmiðum og tilgangi þjónustunnar.
- skilji þá þætti sem skipta máli þegar leitað er lausna í siðferðilegum álitamálum.
- geri sér grein fyrir hlutverki sínu sem starfsmaður í þjónustu við fólk í daglegu lífi þess og starfi.
- fái aukinn skilning á stöðu fatlaðs fólks í samfélaginu og geti stuðlað að sjálfstæði þeirra og valdeflingu.

### Námslýsing

---

Megináhersla er á siðareglur, markmið og sáttmála þar sem siðferðileg álitamál eru rædd. Skoðuð verða hugtök eins og mannréttindi, lífsgæði, valdefling, sjálfræði, sjálfstæði og forræðishyggja og sú umræða tengd við framkvæmd þjónustunnar. Fjallað er um stöðu fatlaðs fólks og starfsmanna þeirra m.t.t. ýmissa siðferðilegra álitamála sem geta komið upp í velferðþjónustu, s.s. nauðung, barneignir og vanda starfsmanna eins og kulnun.

### Námsaðferð

---

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

### Námsefni

---

Efni sem leiðbeinandi útvegar, mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og siðaviðmið fagstétta.



### Námsmarkmið

---

Að námsmaður:

- þekki lykilatriði sem líkleg eru til árangurs í samskiptum og samvinnu.
- skilji hvað er góður starfsandi og hvað þarf til að viðhalda honum.
- sé fær um að beita aðferðum sem líklegar eru til að bæta samskipti og samvinnu.
- sé fær um að starfa með jafningjum og í þverfaglegum teyllum.
- sé fær um að nota aðferðir í starfi þar sem ávinningur allra er lykilatriði.

### Námslýsing

---

Megináhersla er á þá þætti sem líklegir eru til árangurs í samskiptum og samvinnu á vinnustað. Ýmsir þættir menningar í vinnu og á heimilum eru skoðaðir í þessu samhengi. Áhersla er á þætti sem eru líklegir til að skapa góðan starfsanda og hvað þarf til að viðhalda honum. Fjallað verður um grunnþætti samskipta, svo sem færni í hlustun, ákveðni, að takast á við árekstra og geta leyst verkefni í sameiningu. Einnig verður fjallað um mikilvægi sveigjanleika í öllu samstarfi til að geta tekist á við mismunandi aðstæður og haft hagsmuni heildarinnar í huga.

### Námsaðferð

---

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

### Námsefni

---

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



### Geðsjúkdómar – helstu flokkar og meðferðarúrræði

10 kennslustundir

#### Námsmarkmið

---

Að námsmaður:

- þekki þá þætti sem hafa áhrif á að fólk veikist af geðsjúkdómum.
- þekki til helstu flokka geðsjúkdóma og einkenna þeirra.
- þekki helstu meðferðarúrræði sem notuð eru í þjónustu við fólk með geðsjúkdóma, bæði á sjúkrahúsum og í heimahúsum.
- skilji mikilvægi þess að heildstæðar vinnuaðferðir séu notaðar í þjónustu við fólk með geðsjúkdóma.

#### Námslýsing

---

Megináhersla er á geðsjúkdóma út frá mismunandi sjónarhornum, s.s. læknisfræðilegum, sálfræðilegum og félagsfræðilegum. Fjallað verður um ýmsar orsakir þess að fólk veikist af geðsjúkdómum. Jafnframt verður fjallað um hin ýmsu meðferðarform og þau skoðuð í ljósi sjúkdómsgreininga. Einnig verður skoðað hvernig aukin meðvitund og skilningur á greiningu og meðferð getur leitt til meiri lífsgæða þeirra sem búa við geðsjúkdóma.

#### Námsaðferð

---

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

#### Námsefni

---

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



### Námsmarkmið

---

Að námsmaður:

- þekki einkenni einhverfu og margbreytileika einhverfurófsins.
- kynnist helstu kenningum um orsakir og geri sér grein fyrir algengi einhverfurófsraskana.
- þekki framtíðarhorfur fólks með raskanir á einhverfurófi.
- kynnist áhrifum einhverfu á viðkomandi einstaklinga og fjölskyldur þeirra.
- kynnist helstu aðferðum í þjálfun og kennslu sem viðurkenndar eru í starfi með einhverfu fólki.

### Námslýsing

---

Megináhersla er á að kynna einkenni einhverfu og hvernig þau geta birst hjá einstaklingum á mismunandi aldri og getustigi. Áhersla er á kenningar um orsakir, algengi og framtíðarhorfur fólks með röskun á einhverfurófi. Fjallað verður um áhrif einhverfu á líðan og félagslega aðlögun viðkomandi einstaklings. Jafnframt verður fjallað um helstu aðferðir í þjálfun og kennslu í starfi með einhverfu fólki.

### Námsaðferð

---

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

### Námsefni

---

Efni sem leiðbeinandi útvegar, t.d. efni af netinu og glærur, ábendingar um bækur, bæklinga og myndefni sem komið hefur út á íslensku.



2 kennslustundir

### Námsmarkmið

---

Að námsmaður:

- kynnist eðli heyrnarskerðingar/-leysis.
- kynnist áhrifum heyrnarskerðingar/-leysis á daglegt líf fólks.

### Námslýsing

---

Megináhersla er á eðli heyrnarskerðingar/-leysis og áhrif þess á daglegt líf fólks. Fjallað verður um helstu þætti sem auðvelda samskipti við fólk með heyrnarskerðingu/-leysi.

### Námsaðferð

---

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

### Námsefni

---

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



### Námsmarkmið

---

Að námsmaður:

- kynnist ADL og umferlisþjálfun fyrir blinda og sjónskerta.
- kynnist hjálpartækum sem blindir og sjónskertir nota, þar með talinn hvíta stafinn.
- kynnist leiðsögutækni, þ.e. hvernig maður leiðir blinda/sjónskerta.
- kynnist helstu þáttum sem skipta máli í umgengi við blinda og sjónskerta.

### Námslýsing

---

Megináhersla er á ADL og umferlisþjálfun fyrir blinda og sjónskerta. Fjallað verður um þau hjálpartæki sem blindir og sjónskertir nota. Farið verður í verklegar æfingar í leiðsögutækni og hjálpartæki prófuð.

### Námsaðferð

---

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

### Námsefni

---

Efni sem leiðbeinandi útvegar.





### Námsmarkmið

---

Að námsmaður:

- kynnist helstu áhrifum alvarlegra hreyfihamlana á daglegt líf fólks.
- kynnist afleiddum vandamálum hreyfihömlunar og fyrirbyggjandi íhlutun.
- kynnist helstu einkennum sem fylgja heilalömun (cerebral palsy) og annarra algengra hreyfihamlana.

### Námslýsing

---

Megináhersla er á áhrif hreyfihömlunar á daglegt líf fólks. Áhersla er á helstu einkennum heilalömunar og annarra algengra hreyfihamlana. Kynnt verður mismunandi flokkun heilalömunar í samhengi læknisfræðilegra og félagslegra sjónarhorna á fötlun. Fjallað verður um mikilvægi íhlutunar sem snýr að því að viðhalda færni og bæta þannig lífsgæði og möguleika á félagslegri þátttöku. Þetta er skoðað út frá alþjóðlegu flokkunarkerfi um færni, fötlun og heilsu. Einnig er fjallað um hvernig sameiginlegt átak getur fyrirbyggt eða seinkað þróun ýmissa afleiddra vandamála. Í því samhengi er farið í mikilvægi rétttrar notkunar hjálpartækja og stöðustjórnunar.

### Námsaðferð

---

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

### Námsefni

---

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



### Námsmarkmið

---

Að námsmaður:

- þekki þau áhrif og afleiðingar sem ánetjun hefur á neytandann, fjölskyldu hans, nám og nánasta umhverfi.
- kynnist hugmyndum um eðli og orsakir ánetjunar.
- kynnist helstu meðferðarúrræðum.
- þekki hin almennu úrræði í ljósi þeirra sértæku þarfa sem fatlað fólk hefur.

### Námslýsing

---

Megináhersla er á þróun fíknar og afleiðingar hennar á einstaklinginn, fjölskyldu hans, vini og nánasta umhverfi. Lögð er áhersla á að allir geta unnið sig út úr neyslunni þó það taki mislangan tíma. Hafa þurfi í huga að allir eiga tilverurétt og mikilvægt sé að hafa von að leiðarljósi. Fjallað verður um orsakabætti, s.s. óöryggi, kvíða og depurð, sem oft er fylgifyiskur neyslunnar. Þá verður fjallað stuttlega um þau meðferðarúrræði sem í boði eru og mikilvægi þess að starfsfólk komi fram af virðingu við þann sjúka og fjölskyldu hans.

### Námsaðferð

---

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

### Námsefni

---

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



### Námsmarkmið

---

Að námsmaður:

- kynnist því hvaða fíkniefni eru í notkun hérlandis.
- kynnist því á hverju þessi efni þekkjast.
- þekki áhrif helstu fíkniefna.
- þekki hvernig umgangast skuli fíkniefnaneytendur.

### Námslýsing

---

Megináhersla er á þau fíkniefni sem eru í notkun hér á landi. Áhersla er á mögulegar blöndur fíkniefna, helstu einkenni þeirra og hvaða áhrif þau hafa á skapferli og hegðun neytandans. Fjallað er um líkamleg áhrif neyslu, fráhrarfseinkenni og hvernig umgangast á þá einstaklinga sem eru undir áhrifum. Einnig er fjallað um helstu smitleiðir meðal neytenda.

### Námsaðferð

---

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

### Námsefni

---

Námsefni sem leiðbeinandi útvegar frá lögreglu, félagasamtökum eða Lýðheilsustofnun.



### Námsmarkmið

---

Að námsmaður:

- skilji þann mun sem getur verið á öldrun fatlaðs fólks og þeirra sem ófatlaðir eru.
- þekki öldrunarferlið í stórum dráttum og þær félagslegu breytingar sem þá eiga sér stað.
- kynnist þeirri þjónustu sem ríki og sveitarfélög veita öldruðum.
- þekki lög um málefni aldraðra og helstu stefnumál.

### Námslýsing

---

Megináhersla er á hvað er líkt og ólíkt við öldrun fatlaðra og ófatlaðra. Áhersla er á áhrif félagslegra þátta eins og starfsloka, missis og breytinga á búsetu. Fjallað verður um hvort almenn öldrunarþjónusta mæti þörfum fatlaðs fólks og hvort allir hafi greiðan aðgang að henni. Farið verður í heilsufarsskráningu og hjálpartæki sem koma öldruðu fólki að góðum notum.

### Námsaðferð

---

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

### Námsefni

---

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



### Námsmarkmið

---

Að námsmaður:

- skilji þörf fatlaðra fyrir kynlíf.
- þekki hugtök og orð sem skjólstæðingar og starfsmenn nota í tengslum við kynlíf fatlaðra.

### Námslýsing

---

Megináhersla er á þroskaferil einstaklingsins, áhrif fötlunar á kynlíf og hugtök og orð sem skjólstæðingar og starfsmenn nota. Fjallað verður um mismunandi gildismat, viðhorf og viðbrögð. Jafnframt verður fjallað sérstaklega um frávik, sérstök vandamál og meðferðarúrræði.

### Námsaðferð

---

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

### Námsefni

---

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



### Barnavernd

4 kennslustundir

#### Námsmarkmið

---

Að námsmaður:

- skilji grundvallaratriði þeirrar hugmyndafræði sem liggur að baki árangursríkri barnavernd.
- þekki helstu ákvæði barnaverndarlaga.
- kynnist þeim þjónustuúrræðum sem notuð eru í barnavernd í dag.
- skilji hvenær barnavernd eigi sérstaklega við í þjónustu fatlaðra barna.

#### Námslýsing

---

Megináhersla er á helstu markmið og meginreglur í barnaverndarstarfi og hugmyndafræðina sem liggur þar að baki. Fjallað verður um þjónustuúrræði sem notuð eru í barnavernd í dag, starfsemi Barnaverndarstofu kynnt og þau úrræði sem eru á hennar vegum. Jafnframt verður fjallað um starfsemi barnaverndarnefnda og ýmis sérstök atriði sem taka þarf tillit til þegar um fötlun er að ræða.

#### Námsaðferð

---

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

#### Námsefni

---

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



### Námsmarkmið

---

Að námsmaður:

- þekki hvernig sótt er um hjálpartæki.
- kynnist notkun hjálpartækja í starfi með fötluðu fólki.

### Námslýsing

---

Megináhersla er á hjálpartæki fyrir líkamlega fatlað fólk og hvaða leiðir þarf að fara þegar sótt er um hjálpartæki. Fjallað verður um möguleika og gildi hjálpartækja, hvernig þau eru valin og notuð. Kynnt verður hvernig hægt er að nota hjálpartæki við heimilisstörf, við athafnir daglegs lífs og til tjáskipta. Jafnframt verður fjallað um umgengni og hreinlæti tengt hjálpartækjum.

### Námsaðferð

---

Í upphafi kannar leiðbeinandi þekkingu og viðhorf nemenda til efnisins í þeim tilgangi að mæta einstaklingsþörfum. Mikilvægt er að framsetning námsefnis sé ekki einhæf heldur taki mið af mismunandi námsaðferðum. Leiðbeinandi leggur áherslu á aðalatriði, samhengi, virkni, tilgang og notagildi viðfangsefna. Gæta ber þess að dæmi og verkefni séu námsmönnum nytsamleg og hafi skírskotun til starfs þeirra. Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur áherslu á virka þátttöku allra.

### Námsefni

---

Efni sem leiðbeinandi útvegar.



8 kennslustundir auk heimavinnu

### Námsmarkmið

---

Að námsmaður:

- vinni verkefni út frá einhverjum þeim námsþáttum sem þeir hafa lagt stund á í grunn- og framhaldsnámi.
- beiti markvissum kynningaraðferðum sem henta valinni umfjöllun þeirra hverju sinni.

### Námslýsing

---

Námsmenn velja sér efni til að fjalla um og vinna verkefnið í hópavinnu undir leiðsögn leiðbeinanda. Skil verkefna er við útskrift og námsmenn velja þá kynningaraðferð sem henta umfjöllun þeirra hverju sinni.

### Námsaðferð

---

Hópavinna undir leiðsögn leiðbeinanda.

### Námsefni

---

Efni sem leiðbeinandi og námsmenn útvega.





### Námsmarkmið

---

Að námsmaður:

- leggi mat á námið og markmið þess.
- þekki þá ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfan sig og aðra.
- leggi mat á markmið sín og framfarir í náminu.

### Námslýsing

---

Í lok námsins fara námsmenn yfir hverju námið hefur skilað hverjum og einum og hópnum í heild. Námsmenn bera stöðu sína við lok námsins saman við markmið sem þeir settu sér í upphafi sem og væntingar sem þeir höfðu þá til þess.

Námsmenn leggja mat á námið, markmið námsleiðarinnar, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti námsumhverfis.

### Námsaðferð

---

Leiðbeinandi stjórnar umræðum og leggur til dæmis fyrir gátlista, umsagnarblöð, könnun um gæði og framkvæmd námsins og annað sem auðveldar námsmönnum heildstætt mat.

### Námsefni

---

Til dæmis námsskrá auk markmiða og væntinga námsmanna í upphafi náms.



Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta starfsnám stuðningsfulltrúa á félags- og heilbrigðissviði, framhaldsnám til styttingar á námi í framhaldsskóla til allt að 7 einingum.

Námið og námsþætti þess má til dæmis meta á móti áföngum í Aðalnámskrá framhaldsskóla með því að nota einhverja af eftirtöldum aðferðum:

1. framlögð gögn um fyrra nám til dæmis staðfestingu frá leiðbeinanda starfsnáms stuðningsfulltrúa á félags- og heilbrigðissviði, framhaldsnám.
2. starfsferilsskrá.
3. viðtöl við einstakling, þar með talið sjálfsmat.
4. stöðupróf.

**Ekki er tryggt að námsmaður geti nýtt allar einingarnar til styttingar á námi í framhaldsskóla, það fer eftir tegund náms og námsferli viðkomandi námsmanns.**



**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins** ehf. var stofnuð af Alpýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í desember 2002. Árið 2010 var starfsemi FA víkkuð út með samþykkt aðildar BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytis.

**Hlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar** er að vera samstarfsvettvangur ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytis um framhaldsfræðslu á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtakanna.

**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins** vinnur samkvæmt samþykktum og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið.

**Starfsemin** beinist að þeim sem ekki hafa lokið námi úr framhaldsskóla. Sá markhópur er um 33% fólks á vinnumarkaði. Hlutfallið er breytilegt milli ára og landssvæða.

**Markmiðið** er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.



**[www.frae.is](http://www.frae.is), sími 599 1400**